

Föstudaginn 23. janúar 1998.

Nr. 47/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Árna Sigurðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. janúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 21. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. janúar 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 9. mars nk. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. janúar 1998.

Ár 1998, mánudag 19. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Árna Sigurðssyni, kt. 170173-2959, Meðalholti 2, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til héraðsdómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til mánudags 9. mars nk. kl. 16, vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík er nú um það bil að ljúka rannsókn máls, er varðar stórfelldan innflutning fíkniefna til landsins og fjórir aðilar eru taldir tengjast.

Janet Christina Ewerth, sænskur ríkisborgari, var 14. desember sl. handtekin á Keflavíkurflugvelli við komu hingað til lands frá Amsterdam. Við leit tollvarða í farangri og á henni sjálfri fundust 1100 e-töflur (MDMA) og 296 LSD-töflur. Féllst hún á að vinna með lögreglu að uppljóstrun málsins, og leiddi það til handtöku tveggja manna, þ. e. kærða og Emils Antons Sveinssonar. Einnig fékk hún því komið til leiðar, að eiginmaður hennar, Steve Romsdal, norskur ríkisborgari, búsettur í Amsterdam, sem einnig er grunaður um aðild að málinu, kom hingað til lands af fúsum og frjálsum vilja 19. desember sl. Beið lögregla hans á Keflavíkurflugvelli, og var hann handtekinn og færður til yfirheyrslu, en var að svo búnu úrskurðaður í gæsluvarðhald, sem rennur út kl. 16 í dag.

Steve Romsdal hefur greint frá því, að hann hafi keypt framangreind fíkniefni í Amsterdam fyrir Emil Anton og kærða og eiginkona sín að beiðni sinni flutt efnin hingað til lands. Þá hefur Emil Anton játað, að hann hafi staðið að innflutningnum ásamt kærða, en um efnismagn hafi einungis verið rætt að flytja inn 1000 töflur af efninu MDMA. Hafi hann og kærði sent Steve fé til Amsterdam til kaupa á fíkniefnunum.

Kærði hefur staðfastlega neitað að eiga aðild að innflutningi framangreindra fíkniefna að öðru leyti en því, að hann hafi að beiðni Emils Antons sent Steve Romsdal 40.000 krónur til Amsterdam. Þá hafi hann að beiðni Emils Antons fallist á að sækja fíkniefnin, þar sem þau höfðu verið skilin eftir í sorptunnu nálægt Hlemmi, og að koma þeim á öruggan stað. Framburður meðkærðu er hins vegar á þá leið, að kærði hafi ásamt Emil Antoni komið á gistiheimili, sem Janet og Steve dvöldust á hér í borg sl. sumar, til þess að ræða innflutning fíkniefna. Þessu neitar kærði staðfastlega. Kveðst hann þekkja hvorugt þeirra, en bæði hafa þau við myndsbendingu bent á hann sem þann mann, er kom ásamt Emil Antoni á gistiheimilið til að ræða innflutning fíkniefna. Einnig gat Steve nafngreint kærða.

Rannsókn málsins er, sem fyrr segir, á lokastigi, og áætlað lögregla að senda ríkissaksóknara málið síðar í þessari viku.

Þegar lítið er til rannsóknargagna málsins, er ljóst, að þáttur kærða í málinu er mun meiri en hann vill vera láta, og er ekki unnt að álíta annað en sterkur grunur sé um aðild hans að málinu.

Sakarefni það, sem til rannsóknar er, lýtur að stórfelldum innflutningi fíkniefna, og getur háttsemi kærða, ef sönnuð verður, varðað hann allt að

tíu ára fangelsi skv. 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rannsóknir liggja fyrir um, að efnið MDMA sé eitt hættulegasta fíkniefni, sem um getur, og hefði það magn, sem kærði er grunaður um að hafa staðið að innflutningi á, getað stofnað lífi og heilsu fjölda fólks í hættu, hefði efnið komist í dreifingu hér á landi. Eru því skilyrði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til að verða við kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, og verður hún tekin til greina, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Árni Sigurðsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rennur út kl. 16 í dag, þar til héraðsdómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til mánudags 9. mars nk. kl. 16.
